

Fyrirspurn

til umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum djúpbörunar eftir jarðhita.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvaða djúpbörunarverkefni hafa verið tilkynnt Skipulagsstofnun frá því að ný lög um mat á umhverfisáhrifum tóku gildi árið 2000 og í hvaða tilfellum hefur Skipulagsstofnun úrskurðað að þau skuli háð mati á umhverfisáhrifum?
2. Hvaða djúpbörunarverkefni voru háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt eldri lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993?
3. Hverjar hafa verið niðurstöður mats á umhverfisáhrifum í þeim tilfellum sem það hefur farið fram?
4. Hefur verið leitað álits Náttúruverndar ríkisins um þau djúpbörunarverkefni sem Skipulagsstofnun hefur fjallað um og hver hafa sjónarmið stofnunarinnar verið samanborið við úrskurði Skipulagsstofnunar?
5. Eru einhverjar umsóknir um leyfi til djúpbörunar óafgreiddar um þessar mundir?
6. Hvernig hefur verið staðið við verndarákvæði 37. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, í þeim tilfellum sem heimiluð hefur verið djúpbörun eftir jarðhita?

Skriflegt svar óskast.